

Fimmtudaginn 18. febrúar 1993.

Nr. 79/1993. **Rannsóknarlögregla ríkisins**

gegn

Hilmari Þóri Ólafssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald. A-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Varnaraðili hefur með heimild í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 12. febrúar 1993, sem barst réttinum 15. sama mánaðar. Hann krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldinu verði markaður skemmri tími. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Rannsóknarlögregla ríkisins, sem er aðili kærumáls þessa samkvæmt 141. gr. laga nr. 19/1991, krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 12. febrúar 1993.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að Hilmari Þóri Ólafssyni, kt. 170466-4549, atvinnulausum, með lögheimili að Eggertsgötu 6, Reykjavík, en með dvalarstað að Miklubraut 64, Reykjavík, verði með úrskurði réttarins gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 26. febrúar 1993 kl. 16.00.

Síðdegis í gær handtóku lögreglumenn úr Reykjavík kærða Hilmar, og við leit á heimili hans fundust verðmæti, sem talin eru hafa horfið úr innbroti í fyrirtækið Skipaþjónustu Suðurlands sf. í Þorlákshöfn 7. febrúar sl. Kærði hefur viðurkennt aðild sína að þessu innbroti og kveður Agnar Víðir Bragason hafa tekið þátt í því. Nefndur Agnar Víðir hefur hins vegar ekki viðurkennt aðild sína að brotinu. Kærði hefur viðurkennt að hafa

stolið tveimur tékkheftum í innbrotinu, en hefur ekki getað gert grein fyrir, hvað af þeim varð eða hver falsaði tékka úr heftunum, en hefur viðurkennt að hafa framselt nokkra falsaða tékka úr þeim. Kærði hefur ekki viðurkennt aðild sína að öðrum þeim innbrotum, sem honum hafa hér verið gefin að sök. Umrædd innbrot voru öll framin á sama svæði og með svipaðri aðferð, sem bendir til þess, að sömu aðilar hafi verið að verki í öll skiptin. Þrjú innbrotanna voru framin aðfaranótt 18. janúar sl., og sást þá til tveggja ungra manna á jeppabifreið eða ummerki eftir þá og bifreiðina. Bryndís Ólafsdóttir, kt. 041270-5519, fyrrverandi sambýliskona Agnars Víðis Bragasonar, hefur borið fyrir lögreglu, að hún hafi 15. janúar sl. tekið jeppabifreið á leigu fyrir Agnar Víði, sem ekki hafi verið skilað fyrr en 18. sama mánaðar. Komið hefur fram, að Agnar Víðir og kærði eru kunningjar, og hefur Agnar Víðir borið hér fyrir dómi, að hann hafi dvalist á heimili kærða frá síðustu mánaðamótum.

Samkvæmt framansögðu þykir kominn fram rökstuddur grunur um, að kærði hafi átt aðild að afbrotum þeim, sem honum hafa verið gefin að sök. Afbrot þessi geta að lögum varðað hann fangelsisrefsingu. Rannsókn málsins er á frumstigi, og þar sem hætta þykir á, að kærði muni torvela rannsókn málsins, svo sem með því að skjóta undan munum eða hafa áhrif á vitni eða samseka, þykja með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. 1. nr. 19/1991 skilyrði til að taka kröfu rannsóknarlögreglunnar um gæsluvarðhald yfir kærða til greina, eins og hún er fram sett.

Úrskurðinn kvað upp Ragnheiður Bragadóttir, fulltrúi dómstjóra.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Hilmar Þórir Ólafsson, sæti gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 26. febrúar 1993 kl. 16.00.